



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORMLEGAR STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson átti í dag, föstudaginn 11. nóvember 2016, fund með Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, um gang viðræðna hans við forystumenn annarra stjórnmálaflokka. Formaður Sjálfstæðisflokksins tjáði forseta að ákveðið hefði verið að hefja formlegar viðræður fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar um myndun ríkisstjórnar sem nyti stuðnings meirihluta á Alþingi.

*11. nóvember 2016*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*